



Hér heilsast skipin

GUÐJÓN FRÍÐRIKSSON

Hér birtist í tveimur bindum saga Faxaflóahafna en til þeirra teljast Reykjavíkurhöfn, Akraneshöfn, Borgarneshöfn og Grundartanga-
höfn. Ritid nær ennfremur til sögu eldri hafna á svæðinu allt frá
upphafi Íslandsbyggðar. Þar má nefna Hvítárveili í Borgarfirði, hafnir
í Hvalfirði, Straumfjörð á Mýrum og Þerneyjarsund. Saga hafnanna
er verðugt viðfangsefni sem varðar sjálfar undirstöður samfélagsins
og hvernig hafnir og starfsemin við þær hafa mótað bæjarfélögin.
Í þessu verki gerir höfundurinn, Guðjón Fríðriksson, þessari merku
sögu skil með þeim hætti sem hann hefur getið sér frægðar fyrir í
fyrri verkum.

Tilfni söguritarinnar er að öld er liðin frá því að hin mikla hafnar-
gerð hófst í Reykjavík. Hún var á þeim tíma umsvifamesta og fjár-
frekasta framkvæmd Íslandssögunnar. Frá því að hafnargerðinni
lauk 1917 hefur höfnin verið lífæð höfuðborgarinnar og líklega átt
stærstan þátt í því mikla forskoti sem Reykjavík náði umfram aðra
kaupstaði á landinu á flestum sviðum.

Hafnir og hafnarsvæði hafa um langan tíma verið burðarásinn í at-
vinnulífi flestra þéttbýlisstaða á Íslandi, grundvöllur fiskveiða, við-
skipta, iðnaðar og samgangna. Saga hafna og tengdrar starfsemi er
því órjúfanlegur þáttur í lífi og sögu eyþjóðar.

Myndefni er ríkulegt og eykur enn gildi bókanna, enda gersemar
margar þar að finna.



UPPHEIMAR